

70 fræðslusamþykkt löglega afgreidda úr héraði, ef fylgt hefir verið þeim undirbúningi, er að framan er lýst.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar.

71 Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um takmörk verzlunarlóðar í Króksfjarðarnesi.

2. maí

Með bréfi, dags. 18. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað til lögur sýslunefndarinnar í Austur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Króksfjarðarnesi, sem með lögum nr. 70, 22. nóvbr. 1907, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu eru hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Króksfjarðarnesi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Frá Lendingarhleini upp í Miðhjallaklett, eftir Miðhjallabrúninni til Standkletts í Miðhjallaenda, þaðan yfir Skipavíkurhvammi í Vörðuklett, og þaðan bein sjónhending til yzta enda Grundarskershleinar; á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkun verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

72 Bréf stjórnarráðsins til biskups um sameining Stafholts- og Hvammsprestakalla í Mýraráfastsdæmi.

5. maí

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. f. m., og samkvæmt tillögum yðar hefir stjórnarráðið ákveðið, að sameining Stafholts- og Hvammsprestakalla í Mýraráfastsdæmi, er ákveðin er í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, verði framkvæmd í næstkomandi fardögum, þannig að sóknarpresturinn að Hvammi, síra Gísli Einarsson, verði prestur í hinu sameinaða prestakalli, flytji að Stafholti og taki laun eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, og ber honum 1500 kr. árslaun ásamt 200 kr. erfiðleikauppbót.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.